

Miðvikudaginn 23. nóvember 1994.

Nr. 441/1994.

Björn Baldursson

gegn

Bergljótu Baldursdóttur og

Ingveldi Einarsdóttur, fulltrúa

dómstjórans í Reykjavík

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 19. október 1994, sem barst réttinum með kærumálgögnum 7. nóvember sl. Um kæruehimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 23. september 1994, þar sem tekin var til greina krafa Bergljótar Baldursdóttur um, að dánarbú Baldurs Gíslasonar yrði tekið til opinberra skipta. Í kæru gerir sóknaraðili þá kröfu, að „málsmeðferð Ingveldar Einarsdóttur, dómarafulltrúa í Héraðsdómi Reykjavíkur, á málinu Q-7/1994: Bergljót Baldursdóttir gegn Birni Baldurssyni, verði ómerkt frá 19. 9. 1994, en þá skilaði varnaraðili Björn Baldursson greinargerð sinni í málinu“. Þá krefst sóknaraðili þess einnig, að Hæstiréttur veiti nefndum dómarafulltrúa áminningu og geri henni að greiða sekt í ríkissjóð.

Varnaraðili, Bergljót Baldursdóttir, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík, gerir engar kröfur fyrir Hæstarétti, en hefur komið á framfæri athugasemdum af sinni hendi.

Í bókun um þinghald 23. september 1994, þar sem hinn kærði úrskurður var upp kveðinn, segir, að þar hafi mætt Rut Skúladóttir, eiginkona Björns Baldurssonar, fyrir hans hönd. Þá tekur sóknaraðili fram í kæru, að maki sinn, Rut Skúladóttir, hafi sótt þinghald þetta fyrir sína hönd. Verður því við það miðað, að þann dag hafi sóknaraðila sjálfum mátt vera kunnugt um hinn kærða úrskurð svo

og þær dómsathafnir fyrrnefnds dómarafulltrúa, sem sóknaraðili virðist telja varða áminningu og sektum.

Af bókun um fyrrnefnt þinghald verður að vísu ekki ráðið, að Rut Skúladóttur hafi verið leiðbeint um kærufrest eða hvernig standa beri að kæru. Sóknaraðili er á hinn bóginn sjálfur lögfræðingur að mennt og getur því engu varðað, þótt það kunni að hafa láðst að veita slíkar leiðbeiningar.

Kæra sóknaraðila barst Héraðsdómi Reykjavíkur 21. október 1994. Var þá löngu liðinn sá frestur, sem hann hafði til að kæra úrskurðinn og aðrar athafnir dómara í héraði varðandi rekstur málsins samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist, og verður hann því ekki dæmdur.

Kröfur þær, sem sóknaraðili gerði um úrslit þessa máls í héraði, voru bersýnilega haldlausar. Þá eru aðfinnslur, sem sóknaraðili hefur uppi um málsmeðferð Ingveldar Einarsdóttur dómarafulltrúa, algerlega tilefnislausar. Ber að víta sóknaraðila fyrir þessa fráleitu og gersamlega ástæðulausu kæru.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. september, var þingfest á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. september 1994.

Sóknaraðili er Bergljót Baldursdóttir, kt. 070154-3589, Ránargötu 33, Reykjavík.

Varnaraðili er Björn Baldursson, kt. 290348-3239, Snorrabraut 56, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að dánarbú Baldurs Gíslasonar, kt. 190724-4339, er síðast bjó að Hringbraut 111, Reykjavík, og andaðist 29. janúar 1994, verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að kröfu sóknaraðila um opinber skipti á dánarbúinu verði hafnað og varnaraðila heimiluð einkaskipti á dánarbúinu,

einnig, að sóknaraðili verði dæmdur til að láta búið afskiptalaust, enda hafi hann lýst yfir, að hann vilji ekki bera ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Málsatvik.

Baldur Gíslason, kt. 190724-4339, er síðast bjó að Hringbraut 111, Reykjavík, andaðist 29. janúar 1994.

Hinn 11. ágúst 1994 barst Héraðsdómi Reykjavíkur sú beiðni Bergljótar Baldursdóttur, eins af fjórum erfingjum Baldurs, að dánarbú hans yrði tekið til opinberra skipta. Beiðni sína studdi skiptabeiðandi 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Einnig kom fram í beiðni hennar, að skuldir dánarbúsins væru óljósar og hún ekki reiðubúin að taka á sig ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins.

Beiðni skiptabeiðanda var tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. september 1994, og mættu þá skiptabeiðandi, Kolbrún Baldursdóttir og varnaraðili máls þessa, Björn Baldursson. Björn hafði uppi andmæli við því, að dánarbú Baldurs yrði tekið til opinberra skipta. Var þá í samræmi við 1. mgr. 120. gr. laga nr. 20/1991 þingfest sérstakt ágreiningsmál um þann ágreining, sem upp var kominn, og er sá ágreiningur til úrlausnar í máli þessu.

— — —

Niðurstaða.

Í beiðni sóknaraðila um opinber skipti á dánarbúi Baldurs Gíslasonar kemur fram, að hún krefjist opinberra skipta á grundvelli 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Einnig kemur fram í þeirri beiðni, að hún sé ekki reiðubúin að taka á sig ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins.

Í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 er kveðið á um skilyrðislausan rétt erfingja til þess að krefjast opinberra skipta, svo lengi sem skiptum hafi ekki verið lokið með veitingu leyfis til setu í óskiptu búi eða vegna eignaleysis búsins. Heimild þessi er með öllu óháð vilja annarra erfingja, og skiptir engu máli í því sambandi, hvort erfðahlutur skiptabeiðanda er lítill eða stór, eins og fram kemur í athugasemdum við lagaákvæðið. Réttur erfingja til þess að krefjast opinberra skipta samkvæmt nefndu lagaákvæði er því skýr og tvímælalaus. Þá ber einnig að hafa í huga, að í beiðni sóknaraðila kemur fram, að hún er ekki reiðubúin til þess að taka á sig skuldbindingar dánarbúsins, og getur því sýslumaður samkvæmt 5. tl. 28. gr. laga nr. 20/1991 ekki veitt heimild til einkaskipta.

Samkvæmt framansögðu eru öll lagaskilyrði til þess, að unnt sé að taka til greina kröfu sóknaraðila, að dánarbú Baldurs Gíslasonar verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðili krefst þess í greinargerð sinni, að sóknaraðili verði dæmdur til þess að láta búið afskiptalaust.

Í máli þessu verður eingöngu úr því skorið, hvort dánarbú Baldurs Gíslasonar verði tekið til opinberra skipta eða ekki, sbr. 1. mgr. 120. gr. laga nr. 20/1991, sbr. og 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Kröfu varnaraðila um, að sóknaraðili verði dæmdur til að láta búið afskiptalaust, er því vísað frá dómi.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dánarbú Baldurs Gíslasonar, kt. 190724-4339, er síðast bjó að Hringbraut 111, Reykjavík, og andaðist 29. janúar 1994, er tekið til opinberra skipta.

Vísað er frá dómi kröfu um, að sóknaraðili, Bergljót Baldursdóttir, verði dæmd til að láta búið afskiptalaust.
